



ODDEYRARSKÓLI

Valgreinar fyrir nemendur  
í 8., 9. og 10. bekk  
Oddeyrarskóla

Skólaárið 2016–2017

## Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar um val nemenda .....	4
Valgreinar í Oddeyrarskóla.....	5
Easy English fyrir 8.-10. bekk.....	5
Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk.....	5
Handverk fyrir 8.-10. bekk.....	5
Heimilisfræði fyrir 9.-10. bekk - bakstur.....	6
Heimilisfræði fyrir 9.-10. bekk – almenn heimilisfræði.....	6
Íþróttافرæði og útivist fyrir 8.-10. bekk.....	6
Kvikmyndagerð fyrir 8.-10. bekk .....	7
Leiklist fyrir 8.-10. bekk .....	7
Moodleaðstoð 8.-10. bekk .....	7
Myndlist fyrir 8.-10. bekk .....	7
Skólahreysti 8-10. bekk .....	8
Smíðar fyrir 8.-10. bekk .....	8
Yoga og slökun fyrir 8.-10. bekk .....	8
Upplýsingamennt fyrir 9.-10. bekk.....	9
Sameiginlegar valgreinar grunnskólanna á Akureyri.....	10
Aðhlyning og umönnun (IGK 1712) fyrir 9.-10. bekk – Kennt á haustönn í VMA. 10	
Boltaíþróttir fyrir 8. – 10. bekk.....	10
Borðspil fyrir 8. – 10. bekk.....	10
Crossfit Akureyri fyrir 8. – 10. bekk.....	11
CrossFit Hamar fyrir 8. – 10. bekk .....	11
Fatasaumur og endurnýting fyrir 8.-10. bekk.....	12
Ferðamálafræði fyrir 8.-10. bekk.....	12
Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk.....	13
Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 9. – 10. bekk .....	14
Franska fyrir 9. og 10. bekk .....	14
Hársnyrtiiðn í VMA fyrir 9. – 10. bekk .....	14
Heilsurækt á Bjargi fyrir 9. – 10. bekk .....	15
Heimspeki fyrir 8. – 10. bekk.....	15
Knattspyrnuskóli Þórs fyrir 9. – 10. bekk.....	15
Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk .....	16
Leður, leir og mósaik fyrir 8. – 10. bekk. ....	16
Leitin að Grenndargralinu fyrir 8. – 10. bekk .....	16

Líkamsrækt Átak fyrir 9. og 10. bekk.....	17
Margmiðlun fyrir 8. – 10. bekk.....	17
Marimba fyrir 8. – 10. bekk.....	18
Má ég? Á ég? Fyrir 8. - 10. bekk.....	18
Rafiðnir (IGK1812) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í VMA.....	19
Rafræn stærðfræði fyrir 9. og 10. bekk.....	19
Sjónlistir (SJÓN1012) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt í VMA í allt skólaárið.	19
Spaðaíþróttir 8. – 10. bekkur.....	20
Spænska (8?) og 9. bekkur .....	20
Spænska 10. bekkur .....	21
Stærðfræði (STÆF1AH05) 9. og 10. bekkur.....	21
Tauprykk og fatalitun fyrir 8. – 10. bekk .....	22
Tréiðnir (IGK1712) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á haustönn í VMA. ....	22
Yoga fyrir 8. og 10. bekk.....	22
Þjóðdansar fyrir 8. – 10. bekk haustönn .....	23

## Hagnýtar upplýsingar um val nemenda

Þegar nemandi velur sér valgrein er mikilvægt að hann velti öllum möguleikum vel fyrir sér og ræði hugmyndir sínar við foreldra eða forráðamenn. Valið á að byggja á áhuga og þörfum hvers og eins en ekki því hvert félagarnir stefna. Hafið í huga að valgreinar eru jafn mikilvægar og aðrar námsgreinar og kröfur um ástundun og árangur jafnmiklar og í öðrum greinum.

Ekki er víst að hægt verði að verða við öllum óskum nemenda um valgrein. Greinar geta fallið niður vegna lítillar þátttöku eða annarra ófyrirséðra orsaka. Einnig getur komið fyrir að fleiri sækja í greinar en hægt er að koma að.

Hver nemandi þarf að skila 37 kennslustundum á viku. Nemendur í 8. bekk eru með 31 kest., í kjarna þurfa því að velja sér þrjár valgreinar sem eru kenndar tvær kest á viku og verður a.m.k. ein þeirra að vera list- eða verkgrein í Oddeyrarskóla. **Ef nemandi velur sér valgrein innan Oddeyrarskóla sem er einungis kennd eina kennslustund á viku, með (1) fyrir aftan, þá þarf hann að velja tvær slíkar til að ná 37 kennslustundum á viku.**

Nemendur í 9. og 10. bekk eru með 29 kest., í kjarna og þurfa því að velja sér fjórar valgreinar og verður a.m.k. ein þeirra að vera list- eða verkgrein í Oddeyrarskóla. **Ef nemandi velur sér valgrein innan Oddeyrarskóla sem er einungis kennd eina kennslustund á viku, með (1) fyrir aftan, þá þarf hann að velja tvær slíkar til að ná 37 kennslustundum á viku. Svipað á við um valgreinar í VMA sem eru einungis kenndar fyrir eða eftir áramót. Nemendur þurfa að vera í 37 kennslustundum báðar annir.**

Athugið að valgreinarnar innan Oddeyrarskóla eru kenndar hálfan veturinn og því þurfa nemendur að velja jafn margar greinar fyrir og eftir áramót. Nemendur mega velja sér sömu valgrein bæði fyrir og eftir áramót. Samvalsgreinar eru flestar kenndar allan veturinn, þær eru kenndar í grunnskólum bæjarins og fleiri stöðum. Gert er ráð fyrir að nemendur nýti sér strætisvagnakerfi til að koma sér á milli staða.

Nemendur eiga þess kost að fá félagsstarf metið eða nám utan skólans og skal þess þá getið neðst á umsóknarblaðinu. Að hausti þarf að skila inn staðfestingu frá þjálfara/kennara/umsjónaraðila og foreldri/forráðamanni á þar til gerðu eyðublaði frá skólanum. Að vori þarf að skila til skólans mati á ástundun og vinnubrögðum. Nemendur og foreldrar bera ábyrgð á ástundun í metnu vali. Athugið að starfsemi utan skólans má að hámarki meta sem fjórar kennslustundir á viku. Foreldrar bera allan kostnað af tómsbundastarfi sem óskað er eftir að fá metið með þessum hætti. Fáí nemandi fjarnám við framhaldsskóla metið samsvarar tveggja eininga áfangi einni valgrein.

Nemendum og foreldrum/forráðamönnum er velkomið að hafa samband við Fjólu Kristínu deildarstjóra [fk@akmennt.is](mailto:fk@akmennt.is), sími 460-9550, ef eitthvað er óljóst.

Mikilvægt er að valblöðum sé skilað útfylltum til ritara í þriðjudaginn 26. apríl 2016.

# Valgreinar í Oddeyrarskóla

## Easy English fyrir 8.-10. bekk

### Markmið:

-Að byggja upp sjálftraust nemenda gagnvart ensku og efla áhuga þeirra á henni.

-Að nemendur auki orðaforða sinn og öðlist aukna færni í grunnþáttum enskrar málfræði og málnotkunar.

Unnið verður með orðaforða, málnotkun og málfræði í gegnum lestur á einföldum textum, spilum, leikjum og spjalli.

**Námsefni:** Verkefni frá kennara, margmiðlunarefni, leikir og spil.

**Námsmat:** Ástundun, vinnusemi og verkefnavinna. Horft verður til framfara.

Ath: Valgrein fyrir þá sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér ensku.

## Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk

Félagsmálafræði er valgrein þar sem lögð er áhersla á hópefli/leiki og umræður. Nemendur sem velja áfangann taka að sér að skipuleggja starfið í sinni félagsmiðstöð undir stjórn starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar (setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim). Nemendur fá fjölbreyttar fræðslur, bæði frá starfsmönnum félagsmiðstöðvanna og frá utanaðkomandi aðilum.

Þeir sem velja að vera í valinu eru nemendur sem hafa **áhuga** á því sem verið er að gera og hafa **áhuga** á félagsmiðstöðinni sinni. Einnig þurfa þeir að vera **virkir** þátttakendur, bæði í kennslutímum og í félagsmiðstöðvarstarfinu.

Á haustin er farið í dagsferð þar sem allir unglingar úr félagsmálafræði Akureyrar hittast og eyða deginum saman í skemmtilegum leikjum og hópefli. Seinni part vors skipuleggur valgreinin uppskeruhátíð sér til skemmtunar (gistikvöld, dagsferð, bíó, keila osfrv.).

**Námsmat:** Valið er metið þannig að annað hvort fá nemendur F (fall) eða S (staðist).

Leiðbeinandi metur hvern nemanda út frá virkni, áhuga og mætingu.

### Dæmi um viðburði:

#### Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna:

Söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), Stulli stuttmyndahátíð, íþróttadagur og spurningakeppni.

#### Viðburðir innan félagsmiðstöðvar:

Kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, þemakvöld og spilakvöld.

## Handverk fyrir 8.-10. bekk

**Lýsing:** Í þessari valgrein fá nemendur tækifæri til að fást við fjölbreytt handverk. Þeir geta lært að prjóna, hekla, sauma út og þrykkja myndir og mynstur á bómullarefni. Auk þess fá þeir tækifæri til að gefa gömlum hlutum nýtt líf og búa til verðmæti úr verðlausum hlutum.

**Námsmat:** Símat. Verkefni eru metin þegar þeim er lokið. Tekið er tillit til áhuga, umgengni og vinnusemi nemenda. Vinnumappa er hluti af einkunn.

## Heimilisfræði fyrir 9.-10. bekk - bakstur

### Markmið:

- að efla sjálfstæði nemenda í eldhúsinu
- að nemendur temji sér skipulögð vinnubrögð
- að nemendur verði færir í að lesa og vinna eftir uppskriftum
- að nemendur geti minnkað og stækkað uppskriftir
- að nemendur geti beitt helstu bakstursaðferðum
- að nemendur þekki og geti notað helstu eldhúsáhöld
- að nemendur átti sig á mikilvægi hreinlætis í eldhúsinu
- að nemendur geti nýtt sér margvíslega miðla við öflun upplýsinga
- að nemendur kynnist matarmenningu ýmissa þjóða

**Lýsing:** Í þessum áfanga verður aðal áhersla lögð á ýmis konar bakstur. Nemendur kynnast ólíkum bakstursaðferðum eins og hrærðu, hnoðuðu og þeyttu deigi. Unnið verður með lífræn og ólífræn lyftiefni og munurinn á virkni þeirra skoðaður. Nemendur munu fást við allt frá einföldum brauðuppskriftum upp í flóknari tertubakstur með tilheyrandi skreytingum. Stefnt er að heimsóknum í bakarí og veitingastaði þar sem nemendur geta tengt nám sitt við atvinnulífið. Skipulag áfangans verður unnið í samráði við nemendur þar sem reynt verður að mæta óskum nemenda um verkefnaval.

Valgreinin verður kennd þrjár kennslustundir í einu og verður því lokið í febrúar / mars.

## Heimilisfræði fyrir 9.-10. bekk – almenn heimilisfræði

### Markmið:

- að efla sjálfstæði nemenda í eldhúsinu
- að nemendur temji sér skipulögð vinnubrögð
- að nemendur verði færir í að lesa og vinna eftir uppskriftum
- að nemendur geti minnkað og stækkað uppskriftir
- að nemendur geti beitt helstu eldunar- og bakstursaðferðum
- að nemendur þekki og geti notað helstu eldhúsáhöld
- að nemendur átti sig á mikilvægi hreinlætis í eldhúsinu
- að nemendur geti nýtt sér margvíslega miðla við öflun upplýsinga
- að nemendur kynnist matarmenningu ýmissa þjóða

**Lýsing:** Í þessum áfanga munu nemendur kynnast ýmiss konar matargerð frá sem flestum löndum. Ýmist verður fengist við bakstur eða matargerð og lagt verður upp með að nemendur kynnist sem flestum eldunar- og bakstursaðferðum. Stefnt er að heimsóknum í bakarí og veitingastaði þar sem nemendur geta tengt nám sitt við atvinnulífið. Skipulag áfangans verður unnið í samráði við nemendur þar sem reynt verður að mæta óskum nemenda um verkefnaval.

## Íþróttfræði og útivist fyrir 8.-10. bekk

**Markmiðið** er að stuðla að fjölbreyttri hreyfingu og kynna nemendum margskonar íþróttagreinar. Einnig að bæta líkamlegt atgervi nemenda og vekja athygli þeirra á heilsusamlegu lífni. Lögð verður áhersla á styrk og þol með þrek- og styrktaræfingum. Kennsla fer fram í íþróttasal en einnig verða farnar nokkrar ferðir, t.d. skíðaferð, hjólaferð, gönguferð og fleira. Kennt verður einu sinni í viku í 80 mín.

**Námsmat** byggist á virkni í kennslustundum og mætingu.

## Kvikmyndagerð fyrir 8.-10. bekk

**Lýsing.** Nemendur fá kynningu á fjölbreyttum gerðum kvikmynda, s.s. stuttmyndum, viðtölum og heimildamyndum. Þeir gera síðan sínar eigin myndir, skrifa handrit, gera tökuáætlun, leikstýra, kvikmynda og leika.

**Námsmat:** Virkni, vinnubrögð, frumkvæði og afrakstur.

## Leiklist fyrir 8.-10. bekk

**Markmið:** Könnum heim leiklistar og kynnumst grunnþáttum hennar. Unnið verður með spuna-aðferðir, hinar ýmsu leiðir karaktersköpunar, traustæfingar, leikir, flæðiskrif, tjáning, raddbeiting, textameðferð, líkamsvitund og fleira sem tengist leiklist. Hentar vel fyrir þá sem hafa áhuga á leiklist, fá frekari þjálfun eða einfaldlega efla sjálfstraustið og losa um hömlur.

**Skilyrði:** Opinn hugur og vilji til að taka þátt í öllum æfingum og verkefnum.

**Námsmat:** Þátttaka, jákvæðni og mæting.

## Moodleaðstoð 8.-10. bekk

**Lýsing.** Í þessari valgrein verður boðið upp á aðstoð við heimaverkefni á moodle, bæði í stærðfræði og íslensku. Athygli er vakin á því að einungis er um að ræða eina kennslustund á viku.

**Námsmat** byggir á virkni, sjálftæði og áhuga í kennslustundum.

## Myndlist fyrir 8.-10. bekk

*Markmið allra áfanga eru að nemendur:*

Geti fylgt eftir hugmynd til endanlegs verks. Hafi þekkingu á lögmálum myndlistarinnar til að geta unnið sjálfstætt á grundvelli þeirra að eigin verkum. Þekki helstu aðferðir myndlistar og hafi skilning á efnivið og tækni greinarinnar. Skilji áhrifamátt myndar, veri læsir á myndmál umhverfis síns og færir um að túlka myndir á gagnrýninn hátt. Kynnist verkum þekkra listamanna í listasögunni.

Læri að umgangast eigin verk, efni og áhöld af virðingu.

### **TEIKNING - ÞRÍVÍDD, FJARVÍDD OG HLOTATEIKNING**

**Portret og módel - Hlutateikning og skygging.** Unnið að eigin vali eftir lifandi fyrirmyndum, ljósmyndum og stuðst við bækur. Í þessum áfanga verður unnið með mismunandi útfærslur á sjálfsmýndum. M.a. skoðaðar sjálfsmýndir ólíkra listamanna hlutföll andlita og svipbrigði.

**Skúlptúr úr pappmassa og öðrum efnum:** Útfærðar eigin hugmyndir í þrívíð verk. Hugmyndavinna frjáls. Efni sem verður unnið með eru alls konar pappír og önnur efni sem til falla. Þemað er portret (höfuð, háls og axlir) og skúlptúr af ýmsu tagi.

**Fjarvíddarteiknun.** Myndir unnar frá skissu til lokaverks.

Unnið með myndbyggingu og samspil ljóss og skugga. Gerðar verða myndir í fjarvídd sem sýna hús og umhverfi. Húsin í nánasta umhverfi skoðuð og teiknað eftir þeim. Einnig velja nemendur sér einhvern hlut til að teikna og skyggja. Unnið

**Grafík:** Í tímum útfæra nemendur eigin teikningar með mismunandi þrykkætni, svo sem dúkristu og einþrykk. Grunnurinn er teikning sem síðan er útfærð í þrykkmyndir í svart/hvítu og litum.

**Leir:** Í tímum útfæra nemendur eigin hugmyndir í þrívíð verk. Einnig verða ákveðin skylduverkefni úr leir. Grunnurinn er þrívídd og formskynjun þar sem nemendur reyna að koma hugmyndum sínum í framkvæmd

*Námsmat:* Metin er vinna, ástundun og virkni.

## Skólahreysti 8-10. bekk

**Lýsing:** Tímarnir eru að mestu leyti verklegir í íþróttahúsi skólans. Nemendur æfa sig í þeim greinum sem keppt er í í Skólahreysti. Lögð verður áhersla á að þjálfja þætti eins og þol, snerpu og kraft til að undirbúa nemendur fyrir keppni í Skólahreysti. Nemendur fá á tímabilinu fræðslu um heilbrigðan lífstíl.

Námsmat byggir á ástundun og virkni í kennslustundum

## Smíðar fyrir 8.-10. bekk

Tekið er mið af aðalnámskrá grunnskóla í hönnun og smíði, þrepamarkmið 8-10. Svo sem:

- Smíða vandaða hluti á eigin spýtur
- Ná tókum á notkun bitjárna
- Takast á við vinnuaðferðir sem ekki hefur verið glímt við áður
- Þekkja fjölbreyttar samsetningaraðferðir
- Hafi lært að velja viðfangsefni úr mörgum hugmyndum
- Geti notað fríhendisteikningu við hönnun

Stefnt er að því að vinna sem mest í ferskan skógarvið. Notkun rennibekks kemur til greina.

Nemendum verða sett fyrir ákveðin verkefni hvert á eftir öðru í þeim tilgangi að uppfylla þessi markmið. Útfærslu hvers hlutar er svo hægt að sníða að getu hvers og eins. Eingöngu verður um smáhluti að ræða, myndskurður kemur til greina.

Smíðar án véla. Flestir læra fyrst að skrifa með blýanti, tölvan kemur seinna. Smíði án véla er á undahaldi, en smíði með handverkfærum er á sama hátt og skriftin grunnur allrar smíðakunnáttu og besta leiðin til að kynnast eðli og eiginleikum mismunandi efna. Nánast hvað sem er er hægt að smíða úr tré án þess að vélar komi við sögu, það tekur ef til vill meiri tíma til að byrja með, en með æfingunni verður munurinn minni.

Farið verður í hvernig það má tálga saga hefla skera beygja og forma og líma án þess að vélar komi við sögu, nema kannski til að bora, en það er ekki nauðsynlegt. Einnig kemur til greina að nota málma, eins og kopar, messing eða nýsilfur í skartgripa eða nytjahluti.

Gera má ráð fyrir að hluti námsins fari fram utandyra, til dæmis við efnistöku í skógi.

## Yoga og slökun fyrir 8.-10. bekk

**Lýsing.** Unnið er með jógastöður sem efla styrk og jafnvægi líkamans. Í jóga er lögð áhersla á öndun gegnum allar æfingar. Farið verður í margar stöður í hverjum tíma þar sem áherslan verður ýmist á styrk, jafnvægi eða liðleika. Allir geta stundað jóga, hver og einn fer á sínum hraða og gerir eins og hann getur.

Unnið er með slökun og hugleiðslu. Slökun og eða hugleiðsla er að gefa sér tíma til að staldra við, beina athyglinni inn á við og leyfa sér að finna fyrir því sem er án þess að bregðast við því eða dæma, bara leyfa því að vera. Slökunaröndun er undirstöðuatriði í sjálfstýringu og



sjálfsuppbyggingu. Allir geta lært að slaka á og að nota slökun í daglegu lífi. Hún styrkir okkur, eykur vellíðan og jafnvægi.

**Námsmat;** virkni og ástundun

## Upplýsingamennt fyrir 9.-10. bekk

**Markmið** námskeiðsins er að nemendur þjálfast í vinnubrögðum við notkun netmiðla og leitast verður við að þeir verði sjálfstæðir í vinnubrögðum, geti beitt gagnrýnni hugsun og virt siðferði í heimildavinnu og allri umgengni á netinu.

Námskeiðið byggist á notkun Google umhverfisins og hvernig það getur nýst okkur í námi og starfi. Meðal efnis sem farið verður í:

- Gmail
- Google Drive
  - Að búa til og vinna með skjöl
  - Að búa til kynningar
  - Eyðublað. Forrit sem notað er til að búa til spurningakannanir
  - Að vinna með gögn í töflureikni
- Fingrasetning. Nemendur þjálfast í notkun fingrasetningar sem auðveldar alla vinnu í tölvum.
- Notkun heimilda og heimildaskráning.
- Jafningjafræðsla. Nemendur fá tækifæri til að miðla þekkingu sinni til félaga. Hver nemandi útbýr örkynningu á forriti/vefsíðu eða öðru efni sem hann hefur áhuga og þekkingu á og kynnir fyrir hópnum.

**Námsmat:** Jafningjammat, hópamat og mat kennara.

# Sameiginlegar valgreinar grunnskólanna á Akureyri

## Aðhlygning og umönnun (IGK 1712) fyrir 9.-10. bekk – Kennt á haustönn í VMA.

**Markmið:** Að nemandinn kynnist námi sjúkraliða og störfum þeirra.

Farið er yfir nokkra verkþætti í hjúkrun og umönnun s.s. umbúnað í rúmi, mæla blóðþrýsting, lífsmörk, aðstoð við athafnir daglegs lífs og fá upplýsingar um störf sjúkraliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða í nærsamfélaginu (sambýli, heilsugæsla, heimahjúkrun, heimilishjálp, sjúkrahús). Jafnframt verður farið í helstu þætti endurlífgunar, viðbrögðum við slysum (112), slysavarnir og líkamsbeitingu. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á haustönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá eina einingu sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

**Námsmat:** Virkni og þátttaka (10%), skrifleg verkefni (45%), ratleikur/stöðvavinna (10%), kynning (25%), heimsóknarskýrsla (10%).

*Kennt á mánudögum kl. 13:20-14:40 á haustönn í VMA.*

## Boltaíþróttir fyrir 8. – 10. bekk

**Markmið og kennsluáferð:** Áhersla er lögð á boltagreinar og ýmiskonar boltaleiki. Tilgangur með boltaíþróttum er m.a. til að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsfyllingar. Kennslunni er skipt niður í tímabil þar sem farið verður m.a. í: Fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, sundknattleik, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni verður í tímunum og með því móti er reynt að gera kennsluna áhrifameiri, líflegri og skemmtilegri.

**Námsmat:** Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

*Kennt á þriðjudögum kl. 13:50-15:10 í KA húsinu.*

## Borðspil fyrir 8. – 10. bekk

**Markmið og kennsluhættir:** Ætlað nemendum sem finnst gaman að spila eða vilja öðlast meiri þekkingu á spilum. Með spilum/spilatímum er áhersla á fjóra þætti:

- Þátt tungumálsins sem skiptir sköpum, en nemendur þurfa að ræða saman eða eiga einhvers konar samskipti og tjáskipti.
- Stærðfræði og tengsl hennar við daglegt líf. Í öllum spilum er hægt að finna viðfangsefni sem tengjast stærðfræði og nemendur átta sig ekki alltaf á þeim lærdómi sem þeir öðlast með því að spila fjölbreytileg spil.
- Félagsleg samskipti, en í gegnum spil gefst gott tækifæri að þjálfa ýmsa félagslega þætti, s.s. samvinnu, samskiptareglur, að tapa, að sigra og gleðjast með öðrum.
- Fjölbreyttar kennsluáferðir, en þær skipta máli þegar ná skal markmiðum Aðalnámskrár.

**Námsmat:** Ástundun og virkni í tímum.

*Kennt í Síðuskóla á miðvikudögum kl. 13:50-15:10*

## Crossfit Akureyri fyrir 8. – 10. bekk

CrossFit er íþróttta/æfingakerfi sem hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. CrossFit var upphaflega sett saman sem æfingakerfi fyrir lögreglu- og slökkviliðsmenn í Bandaríkjunum. Fyrstu Heimsleikarnir í CrossFit voru haldnir í 2008 þá á litlum sveitabúgarði en hafa vaxið margfalt síðan þá.

Námskeiðið er kennt af CrossFit þjálfurum með Level 1 þjálfararéttindi, umsjónarmaður námskeiðsins er grunnskólakennari með góða reynslu af unglingsþjálfun.

**Markmið** námskeiðsins er að kenna vandlega þær grunnhreyfingar sem notast er við í CrossFit og byggja svo ofan á þann grunn eins og kostur er.

Í unglunga CrossFit eru hagnýtar náttúrulegar grunnhreyfingar vandlega kenndar og fléttaðar inn í skemmtilegar æfingar. Áhersla er lögð á að auka færni á tíu sviðum almennrar líkamlegrar getu.

1. Þol
2. Þrek
3. Styrkur
4. Liðleiki
5. Afl
6. Hraði
7. Samhæfing
8. Nákvæmni
9. Snerpa
10. Jafnvægi

Einnig komum við inn á mikilvægi hvíldar og næringar fyrir íþróttamenn og unglunga almennt.

**Námsmat** byggir fyrst og fremst á áhuga og virkni nemenda í tímum sem og almennri kurteisi og jákvæðu viðhorfi ☺

*Kennsla fer fram á föstudögum kl. 13:50-15:10 í húsnæði CrossFit Akureyri, Njarðarnesi 10.*

## CrossFit Hamar fyrir 8. – 10. bekk

**Lýsing:** Crossfit er fjölbreytt æfingakerfi sem hentar bæði þeim sem eru að æfa aðrar íþróttir og einnig þeim sem æfa ekki annað. Til að byrja með er farið í kennslu á þeim hreyfingum og æfingum sem við notum mest. Það eru lyftingaræfingar með stöngum og ketilbjöllum, ásamt ýmsum fimleika- og styrktaræfingum. Mikil áherlsa verður lögð á liðleika og teygjur bæði fyrir og eftir þá æfingu sem tekin er. Mikið notast við æfingar með eigin líkamsþyngd og tæknilega einfaldar æfingar. Þegar líður á önnina verður farið meira í æfingar með stöng og ólympískar lyftingar, með mikla áherslu á tækni og litlar þyngdir til að byrja með.

**Námsmat:** Ástundun og virkni í tímum.

*Kennsla fer fram á föstudögum kl. 13:50-15:10 í húsnæði CrossFit Hamars, Furuvöllum 7.*

## Fatasaumur og endurnýting fyrir 8.-10. bekk

### Markmið valgreinarinnar eru að nemandi:

- geti unnið sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í vélsaumi, hekli, prjóni, útsaumi, o.fl.
- sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali
- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu
- skipuleggi eigið vinnuferli og lauslega uppdrætti að verkefni
- sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum
- læri að taka upp snið

**Kennsluhættir:** Í samstarfi við Rauða krossinn tökum við þátt í verkefni sem heitir „föt sem framlag“. Þar sníðum við og saumum úr notuðum fatnaði sem Rauði krossinn leggur til fatnað á ungabörn.

Saumaðar verða ákveðnar prufur og því næst er farið í gegnum ferlið að hvernig á að taka upp snið. Eitt skylduverkefni, nemandi saumar sér einfalda flík.

Nemendur velja sér einn til tvo hönnuði og kynna. Ef nemendur kjósa að nota ekki það efni sem skólinn býður upp á er þeim frjálst að koma sjálfir með efni/fatnað.

### Námsefni:

- Rauðakrossverkefni: *Föt sem framlag*
- Nemendur komi með föt til að breyta eða nýta á annan hátt.
- Skissubók.
- Netið

**Námsmat:** Ástundun, símat út frá handverki nemenda, færni og virkni í tímum.

**Kennari:** Jónína Vilborg Karlsdóttir

*Kennt er á mánudögum í Lundarskóla í 3 kest. í senn (120 í stað 80 mín) í senn en greininni lýkur fyrr á skólaárinu sem því nemur.*

## Ferðamálafræði fyrir 8.-10. bekk

### Helstu markmið eru að nemendur:

- auki þekkingu sína á því sem ferðamenn sækjast eftir að sjá og upplifa á Íslandi
- kynnist því sem nærumhverfið hefur að bjóða, þ.e. „ferðamannabærinn Akureyri“ og Norðausturland.
- átti sig á að hugtakið ferðamál er yfirheiti um bæði ferðalög og ferðaþjónustu
- átti sig á að ferðamálafræði skarast við samfélagsvísindi, náttúruvísindi og viðskiptafræði
- átti sig á að ferðamennska er ört vaxandi atvinnugrein sem skilar miklum tekjum í þjóðarbúið

### Eftirfarandi atriði eru lögð til grundvallar:

- jarðfræði Íslands – helstu náttúruöfl
- veðurfar – áhrif þess á líf fólksins í landinu
- gróðurfar – plöntur sem eru einkennandi fyrir Ísland
- dýralíf – villt spendýr, fuglar og fiskar

- mannlíf – uppruni Íslendinga, búseta og lífnaðarhættir frá landnámi og fram á okkar daga
- náttúrvernd – þjóðgarðar og friðlönd
- helstu ferðamannastaðir í hverjum landshluta

#### Námsefni :

- Valið efni frá kennara
- upplýsingar af Netinu
- bæklingum ýmissa ferðaþjónustuaðila

**Tilhögun kennslu:** Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur fá stutta fyrirlestra, taka þátt í umræðum, upplýsingaleit og verkefnavinnu. Farið verður í nokkrar vettvangsferðir og þá fá nemendur tækifæri til að kynna sér starfsemi nokkurra ferðaþjónustuaðila á Akureyri.

Valgreininni lýkur með rútuferð og leiðsögn um vinsælar ferðamannaslóðir í nágrenni Akureyrar.

**Námsmat:** Þátttaka og virkni í kennslustundum, kynning á völdum ferðamannastöðum á Íslandi, einstaklings-, para- og hópverkefni.

*Kennt í Lundarskóla á mánudögum kl. 13:50-15:10.*

## Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk

**Lýsing:** Félagsmálafræði er valgrein þar sem lögð er áhersla á hópefli/leiki og umræður.

Nemendur sem velja áfangann taka að sér að skipuleggja starfið í sinni félagsmiðstöð undir stjórn starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar (setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim). Nemendur fá fjölbreyttar fræðslur, bæði frá starfsmönnum félagsmiðstöðvanna og frá utanaðkomandi aðilum.

Þeir sem velja að vera í valinu eru nemendur sem hafa **áhuga** á því sem verið er að gera og hafa **áhuga** á félagsmiðstöðinni sinni. Einnig þurfa þeir að vera **virkir** þátttakendur, bæði í kennslutímum og í félagsmiðstöðvarstarfinu.

Á haustin er farið í dagsferð þar sem allir unglingar úr félagsmálafræði Akureyrar hittast og eyða deginum saman í skemmtilegum leikjum og hópefli. Seinni part vors skipuleggur valgreinin uppskeruhátíð sér til skemmtunar (gistikvöld, dagsferð, bíó, keila osfrv.).

**Námsmat:** Valið er metið þannig að annað hvort fá nemendur F (fall) eða S (staðist).

Leiðbeinandi metur hvern nemanda út frá virkni, áhuga og mætingu.

#### Dæmi um viðburði:

##### Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna:

Söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), Stulli stuttmyndahátíð, íþróttadagur og spurningakeppni.

##### Viðburðir innan félagsmiðstöðvar:

Kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, þemakvöld og spilakvöld.

**Umsjón:** Forvarnar- og félagsmálafulltrúi hvers skóla

*Greinin hefur aðsetur í hverjum skóla fyrir sig.*

## Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 9. – 10. bekk

**Námskeiðið** samanstendur af hinum ýmsu þáttum stangveiðinnar. Í fluguhnýtingum er nemendum kennd undirstöðuatriðin og gerðar nokkrar algengar laxa- og silungaflugur. Lokaverkefnið er svo að hanna sína eigin flugu. Í stangveiði fara nemendur í kastkenndu með flugustöngum. Einnig fá nemendur fræðslu um allan þann búnað sem fylgir fluguveiði sem og hvernig á að umgangast náttúruna og íbúa vatna og áa. Þá vinna nemendur verkefni um veiðisvæði að eigin vali.

**Kennslan** verður nokkuð lotubundin því farið verður í tvær veiðiferðir sem dekla töluverðan hluta tímafjöldna námskeiðsins. Gera má ráð fyrir að flestir tímanna fari fram að hausti og svo að vori en bóklegir tímar verði annaðhvort hálfsmánaðarlega eða vikulega á fyrirfram ákveðnum tíma yfir veturinn.

**Námsmat** verður byggt á verkefnavinnu, lokaverkefni í fluguhnýtingum, virkni og þátttöku nemenda. Æskilegast er að nemendur sem sækja námskeiðið hafi aðgang að flugustöngum og helst einnig öðrum veiðibúnaði.

*Greinin hefur aðsetur í Glerárskóla á þriðjudögum kl. 13:50-15:10.*

## Franska fyrir 9. og 10. bekk

**Markmið áfangans eru:**

- að nemendur fái grunnorðaförða í frönsku
- að nemendur læri undirstöðuatriði í málfræði
- að nemendur fái þjálfun í að hlusta á talað franskt mál
- að nemendur geti tjáð sig með stuttum einföldum setningum á frönsku
- að vekja áhuga nemenda á Frakklandi og franskri menningu

**Námsefni:** Lesbók og vinnubókin *Carte blanche*. Kennari mun einnig velja efni úr öðrum bókum, auk þess að sýna hluta úr frönskum kvikmyndum, velja tónlistarefni og tímaritsgreinar. Í kennslunni verður Frakkland kynnt fyrir nemendum og reynt að vekja áhuga þeirra á landi og þjóð. Reynt verður að tengja kynninguna áhugasviði nemenda. Unnið verður með grunnorðaförða svo sem að heilsa, telja, þekkja litina og stuttar almennar setningar. Farið verður í grunnmálfræðiatríði á borð við persónufornöfn, nafnorð, greini og grunnsagnir. Þá fá nemendur einnig tækifæri á að æfa framburð með stökum orðum og stuttum setningum.

**Kennsluhættir:** Leitast verður við að nota fjölbreytta kennsluhætti. Leikir, innlögn á töflu, hlustun, tjáning og samvinnunám- og hópvinna verða höfð í fyrirrúmi í bland við einstaklingsverkefni.

**Námsmat:** Um verður að ræða leiðsagnar- og frammistöðumat yfir önnina þar sem kennari leiðbeinir hverjum nemanda á einstaklingsmiðaðan hátt. Einnig verða skrifleg einstaklings- og samvinnuverkefni hluti af lokaeinkunn.

*Kennt í Lundarskóla á mánudögum kl. 13:50-15:10.*

## Hársnyrtiðin í VMA fyrir 9. – 10. bekk

**Markmiðið** er að nemendur fái innsýn í starf hársnyrtifólks. Farið í hárþvott, djúpnæringarnudd og almenna umhirðu á hári. Nemendur læra einnig að nota hárbólásara, sléttujárn og önnur hitajárn ásamt því að setja í rúllur. Farið er í almenna umgengni, móttöku viðskiptavina og símsvörun. Einnig fá nemendur innsýn í umhirðu húðar og snyrtingar.

Áfanginn getur aðstoðað nemendur við að sjá hvort þeim finnist fagið áhugavert og hvort það sé eitthvað sem þeir geti hugsað sér að leggja fyrir sig í framtíðinni.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

*Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl.13:20– 14:40 á vorönn í VMA.*

## Heilsurækt á Bjargi fyrir 9. – 10. bekk

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn íþróttakennara Síðuskóla og einnig koma kennarar Bjargs að kennslunni með sérhæfða tíma til kynningar.

**Markmið** námskeiðsins er því að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prufa þær fjölbreyttu leiðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum til hreyfingar. Einnig að þjálfar þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimisal og tækjasal. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

Hentar vel þeim sem hafa áhuga fyrir því að stunda líkamsrækt.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

*Kennsla fer fram á Bjargi við Bugðusíðu á miðvikudögum kl. 13:50-15:10.*

## Heimspeki fyrir 8. – 10. bekk

Heimspekitímarnir byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Helstu markmiðin eru að þjálfar nemendur í heimspekilegri samræðu og efla með þeim gagnrýna hugsun. Fjallað verður um hvað heimspeki er og hver eru helstu viðfangsefni hennar. Aðallega verður notast við efni sem sótt er á ýmsa vefi um heimsspeki með börnum og unglíngum til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru. Einnig verður stuðst við valda kafla úr bókunum Hugsu og Veröld rðSoffíu. Þegar líður á haustið fara þátttakendur einnig að leggja til umræðuefni og skiptast á um að kynna þau. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða. Einnig verður fjallað um nokkra af þekktustu heimspekingum sögunnar og kenningar þeirra.

Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í umræðunum og myndi sér skoðanir sem þeir eru tilbúnir til að rökstyðja. Einnig að nemendur hlusti hver á annan og temji sér kurteisi þrátt fyrir skoðanaágreining. Heimavinna er ekki fyrir hvern tíma en nemendur þurfa stundum að lesa heima og skila 3 til 4 verkefnum yfir veturinn.

**Námsmat:** Frammistaða í tímum og þátttöku í umræðum, færslur í dagbók og verkefnaskil.

*Kennt í Síðuskóla á mánudögum kl. 13:50-15:10.*

## Knattspyrnskóli Þórs fyrir 9. – 10. bekk

Knattspyrnskóli Þórs er fyrst og fremst ætlaður nemendum sem æfa knattspyrnu í 3. flokkum Þórs - drengja og stúlka. Það er skilyrt af hálfu Þórs að nemendur sækja allar æfingar, á skólatíma og utan. Auk hefðbundinna æfinga eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og eru þeir haldnir í Hamri um

helgar. Fyrirlesarar eru ýmsir. Nemendur borga æfingagjöld eins og aðrir í Þór en fá frían æfingagalla. Nemendur geta fengið 4 vikustundir metnar fyrir þátttöku í Knattspyrnskólanum, þ.e.a.s. 2 fyrir valgreininna og 2 fyrir þátttöku í æfingum félagsins.

**Námsmat:** Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

*Kennsla fer fram í Boganum á miðvikudögum* og aðrar æfingar eru á hefðbundnum æfingátímum. Ekki er útilokað að æfing verði fyrir skólatíma að morgni.

## **Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk**

Lögð verður áhersla á undirstöðuatriði körfuboltans auk leikja og ýmissa keppna. Nemendur fá tækifæri til að bæta skotfimi sína, fá leiðbeiningar um varnarleik og auka leikskilning. Fyrst og fremst snýst valgreinin um að hafa gaman af og njóta þess að spila körfubolta. Þetta er próflaus áfangi þar sem metið verður út frá vinnu- og áhugasemi og framkomu.

*Kennsla fer fram í Síðuskóla á miðvikudögum kl. 13:50-15:10.*

## **Leður, leir og mósaik fyrir 8. – 10. bekk.**

Leðurvinna (12 vikur)

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsaumuð pennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, belti og hálsskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreytt með perlum hrosshári og fl.

Leirmótun (8 vikur)

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturgetu og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

Mósaik (12 vikur)

Unnið verður með 3mm litað gler, spegla og etv eitthvað annað efni sem til fellur. Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar (á vasana notum við málað eggjaskurn) ofl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

*Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum kl. 13:50 – 15:10.*

## **Leitin að Grenndargralinu fyrir 8. – 10. bekk**

**Lýsing:** Takmark þátttakenda er að finna Grenndargralið sem búið er að koma fyrir á vissum stað á Akureyri. Þátttakendur fá eina þraut til lausnar í viku hverri. Þraut sem tengist sögu Eyjafjarðar.



Við lausn hverrar þrautar fá þátttakendur bókstaf. Markmiðið er að safna að lágmarki tíu bókstöfum sem fást við úrlausn þrautanna sem þeir svo nota til að mynda ákveðið orð. Orðið er nokkurs konar lykilorð og er þekkt úr sögu heimabyggðar. Þegar þátttakendur ná að raða saman bókstöfunum og mynda sjálft lykilorðið öðlast þeir rétt til að hefja leit að Grenndargralinu. Til þess fá þeir eina lokavísbendingu sem vísar þeim á fundarstaðinn. Hér snýst allt um að vera á undan keppinautunum. Sá eða þeir sem finna gralið standa uppi sem sigurvegarar. Þeir fá gralið afhent til varðveislu í eitt ár. Einnig fá þeir verðlaunapeninga til eignar. Allir sem klára þrautirnar tíu fá viðurkenningarskjal fyrir góða frammistöðu eftir langa og stranga leit. Þátttakendur útbúa kynningarspjöld sem birtast á heimasíðu leitarinnar.

**Markmið:** Kynna sögu og menningu heimabyggðar með skemmtilegum vettvangsferðum og rannsóknarleiðangrum. Leitin tekur 10 vikur. Hún hefst í byrjun september og henni lýkur um miðjan nóvember.

**Námsefni:** Öll möguleg hjálpargögn til að leysa þrautirnar; tölur, bækur, blöð, tímarit, landakort, amma og afi o.s.frv.

**Kennsluaðferðir :** Þrautirnar birtast á heimasíðu Leitarinnar ([www.grenndargral.is](http://www.grenndargral.is)) á sama tíma í viku hverri. Þátttakendur hafa þannig viku til að leysa hverja þraut. Þrautirnar kalla á mismikið vinnuframlag. Sumar krefjast heimildavinnu fyrir framan tölvu eða bók meðan aðrar krefjast rannsóknarleiðangra um Akureyri. Námið fer að öllu leyti fram utan kennslustofunnar. Samskipti umsjónarmanns og þátttakenda fara þannig að mestu leyti fram á gagnvirkan hátt þar sem heimasíðan gegnir lykilhlutverki við að koma upplýsingum á framfæri til þátttakenda.

**Námsmat:** Símat. Umsjónarmaður Leitarinnar fer yfir lausnir þátttakenda sem skilað er inn með tölvupósti. Ljúka þarf níu fyrstu þrautunum á fullnægjandi hátt til að fá valgreinina metna að öðrum kosti verða nemendur að fara í aðra valgrein eftir áramót.

*Greinin hefur aðsetur í Giljaskóla.*

## Líkamsrækt Átak fyrir 9. og 10. bekk

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn grunnskólakennara með langa og víðtæka reynslu af líkamsræktarþjálfun.

**Markmið** námskeiðsins er að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum. Einnig að þjálfar þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimísal t.d. Body pump, spinning og palla. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, virkni og áhuga. Umsögn um hvern nemanda.

*Kennsla fer fram á þriðjudögum kl. 13:50-15:10.*

## Margmiðlun fyrir 8. – 10. bekk.

**Lýsing:** Farið verður yfir undirstöðuatriði í ýmiskonar margmiðlun. Margskonar miðlar verða nýttir til að framleiða efni. Mikilvægt er að nemendur nýti eigið ímyndunarafl við framleiðslu á ýmiskonar margmiðlunarefni.

Greinin er bæði hugsuð sem framhald fyrir nemendur sem hafa áður verið í greinni sem og nýja nemendur.

**Markmið að nemandi:**

-nýti tækni á jákvæðan hátt í sínu námi

-læri á fjölda forrita sem hægt er að nota bæði í daglegu lífi og námi

-læri fjölbreyttar aðferðir við að koma frá sér efni með notkun tækni

-náí að tileinka sér góð vinnubrögð við að skapa frambærilegt efni með notkun tækni

Áhersla er lögð á fjölbreytni og að hver nemandi fái að nýta sína hæfileika sem best. Notaðir verða mismunandi miðlar eins og stuttmyndir, hljóð, texti, tónlist, myndir eða forritun og þeim blandað saman á mismunandi vegu með ýmskonar forritum.

Kennsluaðferðir verða sýnikennsla og jafningjafræðsla þar sem nemendur vinna saman að því að leysa fjölbreytt verkefni. Áfanginn mun halda úti vefsíðu og þannig birta hluta af efni sem framleitt verður yfir veturinn, nemendur munu sjálfir koma að þeirri uppsetningu.

**Námsefni:** Fjölbreytt forrit í tölvum, spjaldtölvum og símum. Forritin verða nýtt t.d. til að gera stutt/hreyfimyndir, myndvinnslu, rafbókagerð, kynningar, forritun, vefsíður, námsleiki og hljóðupptökur.

Sem dæmi um forrit eða síður má nefna: I-movie, Video-star, [code.org](https://code.org), You-tube, Garage-band, Powtoon, Book-creator, Pic-collage, Padlet, ThingLink og Kahoot.

Listinn er á engan hátt tæmandi þar sem stanslaust koma inn ný forrit sem áhugavert er að prófa hverju sinni og eru hugmyndir frá nemendum vel þegnar.

**Námsmat:** Sjálfstæði, frumkvæði, virkni, ástundun og frágangur

*Kennt verður í Brekkuskóla á föstudögum kl. 13:50-15:10.*

## Marimba fyrir 8. – 10. bekk.

**Lýsing:** Nemendur kynnist ásláttarhljóðfærinu Marimba sem er afrískt að uppruna. Nemendur læra ný lög og undirbúa tónleikaprógramm sem hægt verður að flytja í Giljaskóla, jafnvel annars staðar. Samstarf við Tónlistarskólann á Húsavík og Hafralækjarskóla er mikið í Marimbakennslunni og gætu nemendur jafnvel þurft að fara þangað eða taka á móti gestum þaðan. Nemendur læra samhæfingu og þjálfast í samspili. Farið verður yfir grunnhugtök í tónfræði.

*Kennt fer fram í Giljaskóla á föstudögum kl. 13:50-15:10.*

## Má ég? Á ég? fyrir 8. - 10. bekk.

**Lýsing:** Umræður og verkefni um nærsamfélagið og hvað mótar og stýrir viðhorfum og ákvörðunartöku frá degi til dags (mér finnst þetta ljótt, allir í þór eru ömurleg en KA frábær, ég má þetta).

Farið verður í samskipti, boðleiðir, sjálfstæða hugsun, jafnrétti innan skólasamfélagsins, fjölþjóðasamfélag, áhrif fjölmiðla, réttur til skoðana, refsingar og réttindi barna og unglunga. Tekið verður á siðferðislegum álitamálum og er megin uppistaða áfangans umræður og umræðutengd verkefni í tímum.

**Markmið:** Að koma auga á hvað í samfélaginu hefur áhrif á okkur og hver mörkin eru á kröfum samfélagsins og sjálfstæði einstaklingsins. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir samfélaginu og hver staða okkar sem einstaklinga innan samfélagsins er.

**Námsbækur:** Í greininni verður stuðst við námsefni úr ýmsum áttum, m.a. bækurnar Thinking in education, TimeWise, Kompás og Boys adrift (jafnrétti).

*Greinin hefur aðsetur í Brekkuskóla á miðvikudögum kl. 13:50-15:10.*

## Rafiðnir (IGK1812) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í VMA.

**Lýsing:** Nemendur vinna ýmis smáverkefni sem tengja saman handverk og fræðileg viðfangsefni sem rafiðnaðarmenn fást við. Kynnt eru grunn atriði í rafmagnsfræði og ýmsir íhlutir skoðaðir. Nemendur kynnst einföldum verkfærum og mælitækjum og fá tækifæri til að prufa notkun þeirra.

Gerðar eru tilraunir sem tengjast rafmagns og segulfræði og áhersla lögð á þátttöku nemenda og hugmyndaauðgi þeirra. Unnið er með hefðbundin raflagnaefni og einföld tengiverkefni framkvæmd. Einnig eru smíðuð einföld rafeindatæki.

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á vorönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá hana metna til eininga sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

*Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl.13:20 – 14:40 á vorönn í VMA.*

## Rafræn stærðfræði fyrir 9. og 10. bekk

NOTUM NETIÐ, STÆRÐFRÆÐIFORRIT OG UPPLÝSINGATÆKNI TIL AÐ NÁ BETRI ÁRANGRI Í STÆRÐFRÆÐINÁMI.

**Markmið:** Markmið með þessari valgrein er að kynna nemendum nokkur atriði í þróun tölvutækninnar og tengja hana við stærðfræði en fyrst og fremst að kenna þátttakendum að leysa fjölmörg verkefni í grunnskólastærðfræði og fá góða æfingu í að nota þekkingar- og gervigreindarforritið Wolfram Alpha, skólaforritin Math is Fun og GeoGebra og ýmsar gagnlegar kennslusíður á netinu. Framtíðar vinnulag tengist mjög þessari rafrænu tækni. Stærðfræðivalgreinin byggir á handbókinni *Stærðfræði í takt við tímann*.

Wolfram Alpha er vinsælasta stærðfræðiforritið í dag og milljónir manna um allan heim nota forritið til að læra og afla sér upplýsinga. Hagfræðingar nota forritið til að afla sér upplýsinga um þjóðarframléiðslu og heilsufarstölur og ferðafólk um veðrið á ýmsum stöðum. Forritið Geogebra er afar gagnlegt við að teikna línur og ferla. Notkun stærðfræðiforríta er stórt skref í að gera stærðfræðina gagnlega og skemmtilega og talið er æskilegt að nemendur kynni sér nokkur forrit af þessari gerð

**Námsmat:** Frammistaða, mætingar, áhugi og virkni í tímum

*Kennsla fer fram á miðvikudögum kl. 13:50 – 15:010 í Síðuskóla.*

## Sjónlistir (SJÓN1012) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt í VMA í allt skólaárið.

**Markmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa eigin stíl í teikningu
- rannsaka aðferðir og hugmyndir á bak við ólíkar teikningar
- þróa áfram aðferðir sína til að setja fram eigin hugmyndir með teikningu
- nýta teikningar eftir listamen, vísindamenn og hönnuði sem innblástur fyrir eigin vinnu

- vinna með mismunandi teikniáhöld og aðferðir í tengslum við eigin markmið
- setja fram eigin hugmyndir með teikningu

**Áfangalýsing:** Í áfanganum lærir nemandinn grunnatriði í teikningu. Hann þjálfar sig í að yfirfæra þrívíða fyrirmynd í tvívíða teikningu og jafnvel þrívíða. Nemandinn þjálfar eigin formskilning með því að teikna einföld form eins og kassa, kúlu og sívalning og skoða hvernig aðrar fyrirmyndir eru byggðar úr þeim. Hann teiknar rýmið í kringum sig, innanhúss og utan og lærir um leið forsendur eins og tveggja punkta fjarvíddar og fleiri leiðir til að skapa dýpt. Nemandinn teiknar mannlíkamann og kynnist hlutföllum hans, jafnvægi og hreyfingu. Hann þjálfar sig í að beita ímyndunaraflinu í teikningu. Hann kynnist ólíkum möguleikum teikningar í listum, vísindum og hönnun í nútíma og sögu. Nemandinn notar ólíkar teiknaðferðir og beitir margskonar teikniáhöldum.

**Námsmat:** Próflaus áfangi. Símat. Öll verkefni eru metin. Verkefnaskil 50%, Skissur 10%, virkni, ástundun, frumleiki 35%, mæting 5%.

*Kennt í VMA á þriðjudögum kl. 13:20-14:40 allt skólaárið.*

## Spaðaípróttir 8. – 10. bekkur

Í spaðaípróttum verður áherslan lögð á að spila og læra borðtennis, badminton og tennis. Farið verður í undirstöðuatriði ípróttanna þriggja og helstu tækniatriði kennd. Hvernig er best að halda á spaðanum í viðkomandi íprótt og farið verður yfir forhönd, bakhönd og uppgjafir. Þar að auki verða helstu reglur kynntar og leikið eftir þeim. Upphitunar- og keppnisleikir verða iðkaðir og haldin verða mót í greinunum þremur.

Lykilatriði verður þó að njóta ípróttanna og skemmta sér í góðri íprótt.

Námsmat verður til jafns byggt á mætingu og viðhorfi.

*Kennt í Glerársóla/Naustaskóla á föstudögum kl. 13:50-15:00*

## Spænska (8?) og 9. bekkur

**Helstu viðfangsefni:** Orðaforði sem er byggður upp úr nánasta umhverfi og athöfnum daglegs lífs. Ýmsar tólmstundir og afþreying ungs fólks eins og t.d. spænsk tónlist, kvikmyndir og leikir.

**Markmið að nemendur:**

- kynnist máli og menningu í þeim löndum þar sem spænska er töluð
- öðlist færni í að tjá sig á spænskri tungu, og geti þannig svarað einföldum spurningum um sjálfan sig
- þjálfist í að skilja stuttar talaðar setningar á spænsku
- þjálfist í að lesa léttan texta og skrifa stuttar setningar
- læri grundvallaratriði í málfræði á íslenskt mál til hliðsjónar
- tileinki sér framburðarreglur og æfi framburð

**Leiðir og kennsluleiðir:** Spænsk tónlist, leshefti, vinnublöð, námsleikir/spil og margmiðlunarefni.

**Námsmat:** Munnleg verkefni, glósupróf, hópverkefni, einstaklingsverkefni.

*Kennt í Giljaskóla á þriðjudögum kl. 13:50-15:10*

## Spænska 10. bekkur

**Helstu viðfangsefni:** Orðaforði sem er byggður upp úr nánasta umhverfi og athöfnum daglegs lífs. Ýmsar tólmstundir og afþreying ungs fólks eins og t.d. spænsk tónlist, kvikmyndir og leikir. Markviss málfræðikennsla. Kennslan byggir á viðfangsefnum sem eru kennd í fyrsta áfanga í spænsku í framhaldsskólum.

### Markmið:

Að nemendur:

- noti orðaforða um athafnir daglegs lífs og noti sér þann orðaforða sem er í námsefninu.
- skilji almenn orð og einfaldar setningar
- skilji orðaforða úr því lesefni sem notað verður og getið nýtt sér það til þess að vinna með; t.d. verkefni og tjáð sig
- kunni að nota nafnorð, greini, lýsingarorð og atviksorð, persónufornöfn, töluorð, eignarfornöfn, nútíð og framtíð sagna, spurningar og neitun í rituðu máli
- geti spurt og svarað í töluðu og rituðu máli
- tileinki sér framburðarreglur í töluðu máli

**Leiðir, kennsluaðferðir:** Námsækni, sjálfstæð vinnubrögð, ritun, námsleikir/spil, endurtekningaræfingar, yfirferð námsefnis, vinnubókarblöð, myndmiðlar og hlustunarefni.

**Námsgögn:** Mundos Nuevos 1 lesbók og vinnubók, málfræðihefti, spænsk tónlist og kvikmyndir. Margmiðlunarefni, námsleikir og spjaldskrárkort.

**Námsmat:** Munnlegt verkefni, orðaforði tengdur námsefni, spænsk málfræði, einstaklingsverkefni og hópverkefni. Lokapróf að vori samsvarar lokaprófi í fyrsta áfanga í spænsku í framhaldsskóla.

*Kennsla fer fram í Giljaskóla á föstudögum kl. 13:50-15:10*

## Stærðfræði (STÆF1AH05) 9. og 10. bekkur

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er lagður grunnur að framhaldsskólastærðfræði á 2. þrepi með því að fara í undirstöður reikniaðgera, almenn brot, bókstafareikning, jöfnur og veldi, hlutföll og vaxtareikning, hnitakerfið og jöfnur beinnar línu. Nemandinn beitir þekkingu sinni við lausn flóknari dæma en áður. Lögð er áhersla á að nemandinn þjálfist í skipulögðum vinnubrögðum, nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna og röksemdarfærslu.

### Markmið:

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- reikniaðgerðum
- reglum um forgangsröðun aðgerða
- reikningi með almennum brotum
- bókstafareikningi
- einföldum veldareikningi
- tvívíðu hnitakerfi
- liðnun, þáttun og uppsettum og óuppsettum jöfnum
- prósentu- og hlutfallareikningi

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku í 2x40 mín allan veturinn. Nemendur sem standast námskröfur fá einingar sem geta nýst síðar í framhaldsskólanámi.

Námsmat: verkefni og lokapróf.

Kennsla fer fram á þriðjudögum í þeim skóla þar sem flestir nemendur greinarinnar eru.

## Tauprykk og fatalitun fyrir 8. – 10. bekk

Kennd verður meðferð nýrra tauprykkslita sem hafa fjölbreytta eiginleika og hægt að nota í hvaða vefjarefni sem er. Mismunandi aðferðir við þrykk verða kynntar, s.s. stimplar, stenslar, rammaþrykk o.fl. Nemendum verður kennt að útfæra hugmyndir sínar í vefjarefni, flíkur eða nytjahluti. Nemendur þróa og hanna stykki að eigin vali og geta blandað aðferðum með þrykkinu eins og útsaum og bútasaum.

**Námsmat:** Virkni og vinnubrögð í tímum metin.

*Kennt í Giljaskóla á þriðjudögum kl. 13:50 í 160 mín. lotum hálfst skólaárið.*

## Tréiðnir (IGK1712) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á haustönn í VMA.

**Markmið:** Nemendur kynnist vinnubrögðum í hinum ýmsu byggingagreinum, þekki og læri að fara með efni sem notuð eru og tileinki sér réttar vinnustellingar með tilliti til öryggisþátta.

**Lýsing:** Í áfanganum verður leitast við að gefa nemendum innsýn í verkstæðisvinnu á trésmíðaverkstæði. Unnin verða verkefni í vélum og höndum. Farið verður í útheftun, sögun, pússningu, borun, samsetningu og yfirborðsmeðferð. Verkefnin verða sniðin að nemendahópnum og miðuð að því að allir fari heim með smíðisgripi í annarlok. Mikilvægt er að nemendur mæti í fötum sem mega fá á sig lakk og bæsi og geri sér grein fyrir því að á trésmíðaverkstæðum er ryk.

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á vorönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá eina einingu sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

**Verkefni:** Sparibaukur

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni. S/staðið eða F/fallið.

*Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl.13:20– 14:40 á haustönn í VMA.*

## Yoga fyrir 8. og 10. bekk

**Markmið og kennsluáætlun:** Hér munum við kynnast jóga! Hvað er það, hvaðan kemur það, hvernig er það talið virka og af hverju er það talið virka svona vel?

Hver tími mun byggjast upp á umræðum/fræðslu, Hatha jógaflæði og djúpslökun.

Í upphafi annarinnar verða verklegar æfingar léttari en munu svo þyngjast eftir því sem á líður, þar til við í lokin munum reyna við erfiðari og meira krefjandi jógaæfingur.

Boðið verður upp á mikla fjölbreytni og mismunandi leiðir í jóga.

Við munum jafnvel fá til okkar gestakennara og fara í vettvangsferðir og upplifa jóga úti í náttúrunni.

Jóga getur hjálpað okkur að byggja upp sterkan og liðugan líkama en einnig getur jóga orðið lífslangt ferðalag sjálfsuppgötvunar sem færir þér sterkari sjálfsmynd, hugarró, og innri hamingju.

Um leið og við fetum þessa braut, munum við ræða þætti sem hafa áhrif á sjálfsmyndina okkar – hvað eflir hana og hvað letur hana? Hvað getum við gert til þess að verða sjálfsöruggir og ánægðir einstaklingar? Hafirðu sterka sjálfsmynd geturðu nefnilega gert allt það sem þú vilt og getur á auðveldari máta tekist á við þá hluti sem á vegi þínum verða!

**Námsmat:** Námsmat byggist á ástundun, áhuga, vinnusemi og hegðun í tímum.

*Kennt í Átaki við Skólastíg á þriðjudögum og föstudögum kl. 13:50-15:10.*

## **Þjóðdansar fyrir 8. – 10. bekk haustönn**

**Markmið:** Að nemendur læri nokkra þjóðdansa og gömlu dansa og geti sungið lögin sem við eiga.

**Starfslýsing kennara:** Kenndir verða gömlu dansarnir (vals, ræll, partýpolki og fleiri dansar), íslenskir og erlendir þjóðdansar. Kynnum íslenska þjóðbúninga.

**Námsmat:** Metin verður stundvísi, áhugi, kurteisi og ástundun.

*Kennt í Síðuskóla á miðvikudögum frá 13:50-15:10 fram að áramótum.*